

Með ofangreindri háttsemi hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms.

Loks ber með vísan til 1. mgr. 141. gr. l. nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Kristinsson, greiði 3.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. nóvember 1985.

Nr. 201/1983. **Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna**

(Ólafur Gústafsson hdl.)

gegn

Rauða Krossi Íslands

(Jón Gunnar Zoëga hdl.)

Lífeyrissjóðir. Endurgreiðslukrafa. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s.m. Dómkröfur hans eru, að stefndi greiði áfrýjanda 164.350,46 krónur með 43,5% ársvöxtum af 57.757,62 krónum frá 1. janúar 1980 til 14. nóvember s.á., en með dómvöxtum skv. 1. gr. laga nr. 56/1979 af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1982, en af 164.350,46 krónum frá þeim degi

til greiðsludags. Til vara er krafist annarrar og lægri fjárhæðar að mati réttarins með vöxtum eins og í aðalkröfu. Skýrði lögmaður áfrýjanda það svo í málflutningi, að varakrafan væri miðuð við verðbætur á lífeyrisgreiðslur til Margrétar Jóhannesdóttur, að fjárhæð 43.477,75 krónur.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Þeir, sem réðu málefnum Rauða Krossins, þegar Margrét Jóhannesdóttir var í þjónustu félagsins, gátu ekki séð fyrir eða haft ástæðu til að búast við, að félagið þyrfti einhvern tíma síðar að greiða kostnað vegna uppbótar í lífeyri hennar af völdum verðlagsþróunar í landinu. Þvert á móti máttu þeir gera ráð fyrir, að greiðslum þeirra vegna starfa hjúkrunarfræðingsins væri lokið. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóm.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna, greiði stefnda, Rauða Krossi Íslands, 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Guðmundar Skaftasonar og
Magnúsar Þ. Torfasonar.**

Samkvæmt gögnum málsins greiddi stefndi iðgjöld til áfrýjanda vegna Margrétar Jóhannesdóttur frá 1. júlí 1944 til 31. desember 1946, frá 1. október 1948 til 31. desember 1950 og frá 1. janúar 1952 til 31. ágúst 1954. Verður að miða við það, að Margrét hafi á þessum tíma verið tekin í lífeyrissjóðinn samkvæmt heimild í niðurlagi 16. greinar laga nr. 103/1943, en stefndi var ekki heilbrigðisstofnun, sem viðurkennd var af heilbrigðisstjórninni. Af athugasemdum við 13. gr. laga nr. 16/1965, er fylgdu frumvarpinu þegar það var lagt fram á Alþingi, má ráða að ekki hafi þá verið litið svo á, að 3. gr. laga nr. 111/1954 eða önnur ákvæði laga legðu

á aðilja slíkan sem stefnda ábyrgð á lífeyrisgreiðslum til hjúkrunar-kvenna, sem hjá þeim höfðu starfað nema með þeim iðgjöldum, sem þeir höfðu greitt.

Í stjórnarskrá nr. 33/1944 hafa ekki verið tekin ákvæði, sem almennt banni afturvirka lagasetningu, svo sem dæmi eru um í stjórnskipun annarra ríkja. Það er þó lögskýringarregla, að nýjum lögum verði ekki beitt afturvirkt þjóðfélagsþegnunum til óhagræðis, ef lögin mæla ekki fyrir um annað. Þegar virt er forsaga ákvæðisins í 21. gr. laga nr. 16/1965, þykir varhugavert að skýra það svo, að því hafi verið ætlað að leggja fjárhagsbyrðar á aðilja eins og stefnda, sem höfðu haft hjúkrunarkonur í sinni þjónustu löngu áður en lögin tóku gildi og tryggt höfðu þær hjá áfrýjanda samkvæmt áðurgreindri heimild í 16. gr. laga nr. 103/1943.

Við erum samþykkir dómsatkvæði meirihluta dómenda um kröfur áfrýjanda vegna lífeyrisgreiðslna til Halldóru Þorláksdóttur, Sigríðar Bachmann, Ísafoldar Teitsdóttur og Ingeborgar Sveinsson og erum samkvæmt þessu samþykkir dómsorðinu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. mars 1983.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. febrúar sl., hefur Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 14. nóvember 1980, á hendur Rauða Krossi Íslands, Reykjavík. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 165.367,58 með 43,5% ársvöxtum frá 1. janúar 1980 af kr. 58.774,74 til 14. nóvember s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1982, en af kr. 165.367,58 frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sátt var reynd, en án árangurs.

II.

Atvik málsins kveður stefnandi vera þau, að skv. 21. gr. laga um Lífeyris-sjóð hjúkrunarkvenna nr. 16/1965 og 3. gr. laga nr. 111/1954 hafi eftirtöldum sjóðfélögum í samræmi við framangreind lög verið greidd verðtrygging á lífeyri úr sjóðnum, en sjóðfélagarnir séu þessir og greiðslur vegna þeirra svohljóðandi:

Halldóra Þorláksdóttir	pr. 31.12. 1979	kr. 25.876,44
Ingeborg Sveinsson	pr. 31.12. 1979	kr. 3.789,46
Ísafold Teitsdóttir	pr. 31.12. 1979	kr. 23.473,30
Margrét Jóhannesdóttir	pr. 31.12. 1979	kr. 43.528,35
Sigríður Bachmann	pr. 31.12. 1979	kr. 68.700,03
Samtals		kr. 165.367,58

Lífeyrissjóðurinn hafi greitt ofangreindum sjóðfélögum þessar verðbætur skv. framangreindum lögum og sjóðurinn reynt ítrekað að krefja vinnuveitandann, Rauða Kross Íslands, um sinn hluta verðbótanna, en stefndi neiti að greiða skuldina og neyðist því stefnandi til að höfða mál þetta.

Hér sé um að ræða hlut vinnuveitanda í verðtryggingu lífeyris til hjúkrunkvenna, sem að ofan greini. Allar þessar hjúkrunkonur hafi verið starfandi á vegum stefnanda við hjúkrunarstörf.

Ákvæði laga, sem hér hafi verið vitnað í, kveði skýlaust á um greiðsluskyldu vinnuveitanda.

Fyrstu heimild um Lífeyrissjóð hjúkrunkvenna sé að finna í lögum nr. 103 frá 30. desember 1943. Í 13. gr. segi, að hjúkrunkonur, sem gerist sjóðfélagar við gildistöku þessara laga, reiknist til starfstímans allur sá tími, er þær hafi unnið við hjúkrunarstörf, sem veiti aðgang að Lífeyrissjóði hjúkrunkvenna. Þeim er síðar komi, reiknist starfstíminn frá þeim tíma, er iðgjaldagreiðslur hefjist. Þó sé heimilt að kaupa þeim réttindi fyrir fyrri starfstíma gegn gjaldi, er sjóðstjórnin ákveði í samráði við tryggingafræðing.

Ennfremur segi í 16. gr. sömu laga, að allar hjúkrunkonur, sem vinni hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir, sem séu viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skuli vera skyldutryggðar í sjóði þessum. Af þessu megi ljóst vera, að allar starfandi hjúkrunkonur í landinu, sem starfað höfðu fyrir gildistöku laganna hjá viðurkenndum stofnunum, hafi orðið sjóðfélagar við gildistöku laga nr. 103/1943. Þá hafi allar slíkar hjúkrunkonur, sem hófu störf eftir gildistöku laganna, einnig orðið sjóðfélagar.

Með gildistöku laga nr. 16/1965 hafi öll réttindi og skyldur verið staðfest enn frekar, sbr. 21. gr. laganna, og séu þar skilyrðislaus lagafyrirmæli um verðtryggingu lífeyrissjóðsréttinda.

Ennfremur beri að vísa til 3. gr. laga nr. 111/1954, en hún sé svohljóðandi: „Á lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennnara, Lífeyrissjóði hjúkrunkvenna og Lífeyrissjóði ljósmæðra, skal auk 15% uppbóta þeirra er tíðkast hefur, greiða verðlagsuppbót eftir sömu

reglum og greidd er á laun starfsmanna ríkisins, að svo miklu leyti, sem hún er ekki þegar innifalin í lífeyrinum. Hlutaðeigandi lífeyrissjóður annast útborgun uppbóta þessara gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþeginn tók laun sín hjá eða öfugt.“

Með stoð í framangreindum lagaákvæðum sé ljóst, að stefnda beri skilyrðislaust að greiða stefnukröfurnar.

Stefndi styður sýknukröfu sína eftirfarandi rökum: Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna hafi verið stofnaður með lögum nr. 103/1943, er öðluðust gildi 1. júlí 1944. Stofnfé sjóðsins hafi verið 50.000 kr. og átti skv. 11. gr. að leggjast fram úr ríkissjóði. Auk þess hafi ríkissjóður ábyrgst greiðslu lífeyris úr sjóðnum og hafi hann átt að greiðast með 1/12 árslífeyris fyrirfram á hverjum mánuði, 17. gr. Hjúkrunarkonum, sem gerðust sjóðfélagar við gildistöku laganna, hafi átt, skv. 13. gr., að reiknast til sjóðtímans allur sá tími, er þær höfðu unnið við hjúkrunarstörf, sem aðgang veittu að sjóðnum. Í 16. gr. hafi verið svo ákveðið, að allar hjúkrunarkonur, sem unnu hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir, sem væru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skyldu vera skyldutryggðar í sjóðnum. Auk þess hafi verið heimilt að taka í sjóðinn aðrar hjúkrunarkonur, er störfuðu að hjúkrun, enda væru þær eigi ráðnar til skemmri tíma en eins árs eða með a.m.k. þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Ekki liggi fyrir að nein þeirra hjúkrunarkvenna, sem um ræði í málinu, hafi gengið í lífeyrissjóðinn við stofnun hans né hverjar þeirra fullnægðu ákvæðum 16. gr. Hitt sé ljóst, að ríkissjóði einum hafi verið ætlað að standa undir halla af sjóðnum, sbr. 17. gr.

Þessi lög hafi gilt til ársins 1955, er þeim hafi verið breytt með lögum nr. 34/1955. Áður hafði að vísu verið gerð breyting á 12. gr. með lögum nr. 18/1947. Lögin hafi síðan verið breytt og endurútgefin sem lög nr. 65/1955. Þau virðist síðan hafa gilt óbreytt, þar til lög nr. 16/1965 voru sett.

Hér sé hins vegar ástæða til að geta laga nr. 111/1954 um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna. Hluti 3. gr. þessara laga sé tekinn upp í greinargerð stefnanda og fjalli um verðlagsuppbætur á lífeyri úr nokkrum lífeyrissjóðum, þ.á m. Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Lífeyrissjóður eigi að annast greiðslu uppbótar gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþeginn tók laun sín hjá. Af fyrirsögn laganna sé ljóst, að þetta hafi aðeins tekið til þeirra hjúkrunarkvenna, er töldust opinberir starfsmenn, og hafi á sama hátt aðeins lagt skyldur á opinberar stofnanir auk ríkissjóðs.

Ætla verði, að 3. gr. laga nr. 111/1954 hafi fallið úr gildi að því er Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna varði með gildistöku laga nr. 16/1965, en þar segi í 21. gr., að hækkun á lífeyri vegna almennrar hækkunar á launum

hjúkrunarkvenna skuli ríkissjóður og aðrir þeir aðilar, sem tryggt hafi hjúkrunarkonur í sjóðnum, endurgreiða sjóðnum. Þarna sé í fyrsta sinn lögð almenn kvöð á þá, er iðgjöld greiði í sjóðinn.

Ákvæði 16. gr. laga nr. 103/1943 um aðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna hafi verið tekið óbreytt upp í lögum nr. 16/1965 og orðið þar 17. gr. Við hana hafi svo verið aukið með lögum nr. 14/1969.

1. gr. laga nr. 63/1964 megi nefna hér til leiðbeiningar, en þar sé endurgreiðslukvöð lögð á ríkisstofnanir einar.

Stefnandi virðist byggja kröfur sínar á afturvirkni laga nr. 111/1954 og 16/1965, án þess þó að það sé sérstaklega rökstutt. Þessu sé eindregið mótmælt. Það sé grundvallarregla íslensks réttar, að lög séu ekki afturvirk. Um þetta séu að vísu ekki bein ákvæði í stjórnarskránni, og hafi því stundum risið álitamál í þessu efni, einkum varðandi skattamál, og undantekningar náð fram að ganga. Almenna reglan verði eftir sem áður sú, að íþyngjandi lög geti ekki verið afturvirk, ekki sist ef þau ná til svo fárra sem þessi og vísast brot gegn 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Af hálfu stefnda sé því haldið fram, að ekki sé unnt að krefja hann þátttöku í greiðslu hækkunar á lífeyri, nema að því leyti sem svari til starfstíma hjá honum eftir gildistöku laga nr. 16/1965 eða til vara laga nr. 111/1954. Sé þannig brostinn grundvöllur fyrir kröfugerð stefnanda nema ef til vill að litlum hluta varðandi Ingeborg Sveinsson, en reyndar virðist hæpið, að sumarvinna hennar hafi veitt rétt til veru í lífeyrissjóðnum.

Eins og áður segi, hafi fyrstu lögin um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna öðlast gildi 1. júlí 1944, er teljast verði stofndagur sjóðsins. Þá fyrst hafi verið byrjað að innheimta iðgjöld til sjóðsins og þá fyrst sé unnt að tala um, að einhverjir hafi tryggt hjúkrunarkonur í sjóðnum, sbr. orðalag 21. gr. laga nr. 16/1965. Þannig hafi hvorki Rauði Kross Íslands né deildir hans tryggt Halldóru Þorláksdóttur, Ísafold Teitsdóttur né Sigríði Bachmann í Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Á stefnda geti þannig ekki hvílt endurgreiðsluskylda til stefnanda vegna lífeyris til þessara hjúkrunarkvenna skv. 21. gr. laga nr. 16/1965. Lög nr. 111/1954 skipti í þessu sambandi litlu máli og varði aðeins lífeyri til Halldóru Þorláksdóttur að hluta.

Samkvæmt dskj. nr. 4 virðist endurgreiðsluhlutfall alfarið byggt á starfstíma, án þess að tillit sé tekið til breytinga á launum eða breyttrar stöðu, en lífeyrir miðist við laun þeirrar stöðu, sem lífeyrisþegi gegndi síðast. Þessi aðferð sé auðvitað röng og leiði til þess, að uppbótar sé krafist á mun hærri launaflokk en iðgjald var greitt af. Þetta dskj. sé ófullnægjandi grundvöllur að kröfugerð stefnanda.

Stefnandi hafi sýnt mikið tómlæti um kröfur sínar og ekki fylgt þeim eftir fyrr en nú, þó að þeim hafi frá öndverðu verið mótmælt og ekki sinnt. Hafi hann þannig gefið stefnda réttmæta ástæðu til að ætla, að þær yrðu

felldar niður. Ætti hann því að hafa fyrirgert þeim. Auk þess séu kröfur stefnanda, sem eldri séu en fjögurra ára frá birtingardegi stefnu, fyrndar, sbr. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Vaxtakröfu stefnanda sé sérstaklega mótmælt, bæði um vaxtafót og upphafstíma. Vaxtakrafan sé á engan hátt rökstudd, en því sé mótmælt, að vextir verði reiknaðir nema frá birtingardegi stefnu og þá ekki hærri en almennir innlánsvextir. Kröfu um dómvexti sé andmælt.

III.

Í máli þessu er deilt um greiðsluskyldu stefnda sem vinnuveitanda til að endurgreiða stefnanda verðbætur á lífeyri, sem hann hefur greitt eftirtöldum lífeyrisþegum sjóðsins lögum samkvæmt:

Halldóra Þorlákssdóttir: Samkvæmt gögnum málsins starfaði hún hjá Rauða Kross deildinni á Akureyri frá miðju ári 1931 til 30. maí 1936. Hún var tryggð í lífeyrissjóðnum frá stofnun hans skv. lögum nr. 103/1943, sem tóku gildi 1. júlí 1944. Hún mun hafa fengið greiddan lífeyri úr sjóðnum frá árinu 1961.

Ingeborg Sveinsson: Samkvæmt gögnum málsins starfaði hún við sumar-dvalarheimili Reykjavíkurdeildar Rauða Krossins fyrir börn sumurin 1954, 1954, (sic) 1955 og 1956. Hún keypti sér réttindi í sjóðinn á árinu 1975, og mun hún hafa fengið greiddan lífeyri úr sjóðnum frá sama ári.

Ísafold Teitsdóttir: Samkvæmt gögnum málsins starfaði hún hjá Akureyrardeild Rauða Krossins frá ársbyrjun 1938 til vors 1943. Hún var tryggð í lífeyrissjóðnum frá stofnun hans. Hún mun hafa fengið greiddan lífeyri úr sjóðnum frá árinu 1973.

Margrét Jóhannesdóttir: Samkvæmt gögnum málsins starfaði hún hjá Rauða Krossi Íslands frá 1. september 1944 þar til sumarið 1954 að undanskildu ársleyfi 1947-1948. Hún var tryggð í sjóðnum frá stofnun hans. Lífeyri mun hún hafa fengið greiddan úr sjóðnum frá árinu 1970.

Sigríður Bachmann: Samkvæmt gögnum málsins var hún hjúkrunarkona við Akureyrardeild Rauða Krossins við hjúkrun í heimahúsum og heilsuvernd á árunum 1929-1931 og hjá Rauða Krossi Íslands 1931-1941. Hún var tryggð í sjóðnum frá stofnun hans. Lífeyri mun hún hafa fengið greiddan frá árinu 1968.

Stefnandi byggir kröfu sína á ákvæði 21. gr. laga nr. 16/1965 um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, en það er svohljóðandi: „Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli- og örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum hjúkrunarkvenna sbr. 8., 9. og 10. gr. og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir aðilar, sem tryggt hafa hjúkrunarkonur í sjóðnum, honum þá hækkun, er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.“

Ennfremur byggir stefnandi kröfu sína á sambærilegu ákvæði eldri laga, 3. gr. laga nr. 111/1954 um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna, en það er svohljóðandi: „Á lífeyri úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennara, Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og Lífeyrissjóði ljósmæðra skal, auk 15% uppbótar þeirrar, er tíðkast hefur, greiða verðlagsuppbót eftir sömu reglum og greidd er á laun starfsmanna ríkisins, að svo miklu leyti, sem hún er ekki þegar innifalin í lífeyrinum. Hlutaðeigandi lífeyrissjóður annast útborgun uppbóta þessara gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþeginn tók laun sín hjá. Nú reynist ekki unnt að fá endurgreiðslu frá hlutaðeigandi stofnun og endurgreiðir ríkissjóður þá hlutaðeigandi lífeyrissjóði þann hluta, er stofnuninni bar að greiða.“

Þann 1. janúar 1964 tóku gildi lög nr. 29/1963 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og var þá jafnframt numin úr gildi 3. gr. laga nr. 111/1954 að því er varðar lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þetta ákvæði mun þó hafa haldið gildi sínu að öðru leyti, allt þar til lög nr. 16/1965 voru sett, en telja verður, að með 21. gr. þeirra laga hafi 3. gr. laga nr. 111/1954 verið numin úr gildi að því er varðaði lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, enda þótt þess sé ekki sérstaklega getið í lögunum. Eins og að ofan greinir, er 21. gr. laga nr. 16/1965 sambærileg við 3. gr. laga nr. 111/1954 að öðru leyti en því, að í stað þess að stofnanir þær, er lífeyrisþegi tók laun sín hjá, skuli endurgreiða sjóðnum verðbætur, skulu nú þeir aðiljar, er tryggt hafa hjúkrunarkonur í sjóðnum, endurgreiða verðbæturnar. Í greinargerð með lögunum segir svo um 21. greinina: „Þessi grein er 25. gr. laga nr. 29/1963 með nauðsynlegum orðalagsbreytingum.“ Þegar 25. gr. laga nr. 29/1963 er skoðuð og tildrög að setningu hennar, verður ekki af því ráðið, að löggjafinn hafi ætlað að halda merkingu greinarinnar, eins og hún var upphaflega, sem 3. gr. laga nr. 111/1954, og þykir því verða að túlka 21. gr. laga nr. 16/1965 eftir orðanna hljóðan, þannig að stofnanir þær, sem endurkrefja má um greiðslu verðbótanna, verði sjálfar að hafa tryggt viðkomandi lífeyrisþega hjá sjóðnum.

Það er upplýst í máli þessu, að Halldóra Þorláksdóttir, Ísafold Teitsdóttir og Sigríður Bachmann störfuðu allar hjá Rauða Krossinum fyrir stofnun sjóðsins skv. lögum nr. 103/1943, sem tóku gildi 1. júlí 1944. Ennfremur er upplýst, að Ingeborg Sveinsson keypti sér réttindi að sjóðnum árið 1975. Rauði Krossinn hefur því ekki tryggt neina þessara kvenna, og á lífeyrissjóðurinn því skv. því, er að framan segir, enga kröfu á hendur stefnda um endurgreiðslu skv. lögum nr. 16/1965 vegna þeirra.

Það er ennfremur upplýst, að Halldóra Þorláksdóttir er hin eina af fimm framangreindum hjúkrunarkonum, sem tók lífeyri úr sjóðnum að hluta, meðan 3. gr. laga nr. 111/1954 var enn í gildi varðandi lífeyrissjóð hjúkr-

unarkvenna. Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að lögin taki ekki til hennar, þar sem þau taki einungis til opinberra starfsmanna.

Þegar lög þessi voru sett, voru í gildi lög nr. 103/1943 um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Samkvæmt 16. gr. þeirra laga voru skyldutryggðar í sjóðnum allar hjúkrunarkonur, sem unnu hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitafélags eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir, sem viðurkenndar voru af heilbrigðisþjónustunni. Þá var heimilt að taka í sjóðinn aðrar hjúkrunarkonur, er störfuðu að hjúkrun, enda hafi þær ekki verið ráðnar til skemmri tíma en eins árs eða með a.m.k. þriggja mánaða uppsagnarfresti. Samkvæmt 17. gr. sömu laga ábyrgðist ríkissjóður greiðslu lífeyris úr sjóði þessum. Ákvæði um greiðslu verðlagsuppbótar á lífeyri og um endurkröfurétt lífeyrissjóðs á hendur vinnuveitanda hefur verið lögbundið sem almennt lagaákvæði allt frá árinu 1951, er það var upptekið í lög nr. 22/1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o.fl., með breytingarlögum nr. 105/1951. Með lögnum nr. 111/1954 um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna var framangreint ákvæði laga nr. 22/1950, sbr. lög nr. 105/1951, fellt úr gildi, en ákvæðið efnislega tekið upp í 3. gr. laga nr. 111/1954, sem fyrr er rakið. Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 16/1965 segir m.a. svo um 13. gr.: „Í öðru lagi ber á það að lita, að margir aðrir aðilar en ríkissjóður tryggja hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn, er hjá þeim starfa, í sjóðnum, en hafa til þessa ekki borið ábyrgð á skuldbindingum hans, nema með iðgjaldagreiðslum sínum.“ Þegar þessi ummæli eru skoðuð og jafnframt höfð í huga tildrög þess, að ákvæði um endurkröfurétt á hendur stofnunum þeim, er lífeyrisþegi tók laun sín hjá, kom í lög sem almennt ákvæði, þykir sýnt, að ekki hafi verið tilgangur löggjafans að gera aðra aðilja ábyrga fyrir greiðslu verðbótanna en ríkissjóð eða opinberar stofnanir fyrr en með lögum nr. 16/1965. Það þykir því mega lita svo á, að 3. gr. laga nr. 111/1954 hafi einungis tekið til opinberra stofnana. Samkvæmt þessari niðurstöðu á lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna ekki endurkröfurétt á hendur Rauða Krossi Íslands vegna Halldóru Þorláksdóttur skv. 3. gr. laga nr. 111/1954. Að því er varðar Margréti Jóhannesdóttur þá er upplýst, að hún var tryggt í lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna af Rauða Krossinum, meðan hún starfaði þar, og fullnægir þannig skilyrðum 21. gr. laga nr. 16/1965. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að lagaákvæði þetta standist ekki, þar sem um sé að ræða ólögsmæta afturvirkni laganna, sem brjóti í bága við grundvallarreglur íslensks réttar og sé visast brot gegn 67. gr. stjórnskrárinnar.

Íslensk stjórnskipunarlög hafa ekki að geyma nein ákvæði, sem berum orðum banna afturvirkni laga. Einhver takmörk hljóta þó að vera fyrir afturvirkni íþyngjandi laga, sem dómstólar verða að skera úr um. Einkum

hefur þess gætt á vettvangi skattalaga, að dómstólar hafa staðfest að þau hafi afturvirk áhrif, en telja verður að sérstaða skattalaga sé slík, að þær niðurstöður gefi ekki almennt fordæmi um afturverkun íþyngjandi laga.

Framangreind 21. gr. laga nr. 16/1965 leggur greiðsluskyldu á fáa aðilja vegna starfa, sem unnin voru mörgum árum eða áratugum fyrir gildistöku laganna. Telja verður, að slík afturvirkni íþyngjandi laga brjóti svo í bága við óskráðar grundvallarreglur íslensks stjórnskipunarréttar, að framangreint lagaákvæði fái ekki staðist að því leyti sem afturvirk áhrif þess varðar. Verður krafa stefnanda á hendur stefnda vegna Margrétar Jóhannesdóttur því ekki tekin til greina.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt, að aðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari kvað upp dóm þennan, en undirritaður dómari fékk málið til meðferðar 15. september sl.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Rauði Kross Íslands, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, í máli þessu.

Aðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1985.

Nr. 148/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Helga Helgasyni

(Jón Hjaltason hrl.)

Bifreiðar. Nytjastuldur. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.